

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 288/2014****2015/EES/71/35****frá 12. desember 2014****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 687/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun, samræmingu og einföldun á flugverndarráðstöfunum, jafngildi krafna um flugvernd og verndarráðstafana fyrir farm og póst <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014) 4054 frá 20. júní 2014 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar nánari útlistun, samræmingu og einföldun á flugverndarráðstöfunum og að því er varðar flugfarm og póst sem er flutt inn í Sambandið.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):  
„– **32014 R 0687**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 687/2014 frá 20. júní 2014 (Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 31).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 lokaútg.):  
– **32014 D 4054**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2014) 4054 frá 20. júní 2014 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar nánari útlistun, samræmingu og einföldun á flugverndarráðstöfunum og að því er varðar flugfarm og póst sem er flutt inn í Sambandið.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 687/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 31.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.